

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. mars 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-32/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. apríl 2019 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á íhlut í ABS bremsukerfi í bifreið sína af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að söluhluturinn hafi verið haldinn galla og krefst endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 17. apríl 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 29. apríl 2019. Þann 30. apríl voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna innan tveggja vikna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 10. maí 2019. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda sama dag og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi skilaði inn frekari athugasemdum þann 22. maí 2019. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á höfuðdælu fyrir ABS bremsukerfi af seljanda þann 15. janúar 2019 fyrir 102.000 krónur. Afhending varahlutarins fór fram 25. janúar 2019 og var hann í kjölfarið settur í bifreið álitsbeiðanda á bifvéla verkstæði. Álitsbeiðandi greiddi 98.082 krónur fyrir ísetninguna samkvæmt reikningi, dags. 14. febrúar 2019.

Þegar varahluturinn var kominn í bifreiðina segir álitsbeiðandi hafa komið í ljós að varahluturinn væri gallaður þar sem mótör í dælu fór ekki í gang. Álitsbeiðandi hafði því samband við seljanda sem ákvað að skoða bifreiðina á eigin verkstæði. Eftir skoðun taldi seljandi að sögn álitsbeiðanda að hinn seldi íhlutur væri haldinn galla og endurgreiddi álitsbeiðanda kaupverðið. Álitsbeiðandi krafðist þess að seljandi myndi einnig endurgreiða honum kostnað við ísetninguna en seljandi hafnaði þeirri kröfu. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða honum þann kostnað, alls 98.082 krónur.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum sínum tekur seljandi fram að við skoðun á bifreiðinni hafi komið í ljós vandamál í bremsudælumótör varahlutarins. Sú bilun var löguð á verkstæði seljanda með því að taka varahlutinn úr bifreiðinni og skipta út mótörnum. Í kjölfarið var varahluturinn settur aftur í bifreiðina. Seljandi bendir á að ABS kerfi bifreiðarinnar hafi samt sem áður ekki virkað og kveðst þá hafa ákveðið að fjarlægja eins varahlut úr annarri bifreið sem virkaði og setja í bifreið álitsbeiðanda. Bifreið álitsbeiðanda virkaði enn ekki sem skyldi og taldi seljandi ljóst að bilunin stafi ekki af hinum selda varahlut.

Seljandi telur sér ekki skylt að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan kostnað við ísetningu varahlutarins hjá öðru verkstæði. Bendir seljandi á að hann hafi ekki krafist greiðslu fyrir að skoða bifreiðina og varahlutinn ásamt því að gera við varahlutinn svo hann virkaði eðlilega. Þá hefur seljandi þegar endurgreitt kaupverð varahlutarins og hafnar frekari kröfum álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að hann hafi ekki fengið framangreindar upplýsingar fyrr en nú. Kveðst álitsbeiðandi aðeins hafa fengið þær upplýsingar frá seljanda að við skoðun hafi seljandi notast við bilaðan varahlut sem hafði áður verið í bifreiðinni til að reyna að koma mótornum í lag. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um að varahlutur úr annarri bifreið hafi verið prófaður í hans bifreið, enda sé kostnaður við slíkt hjá verkstæði sambærilegur kostnaði við kaup á varahlut.

Álitsbeiðandi bendir á athugasemdir bifvélavirkjans sem setti íhlutinn í bifreiðina en á reikningi vegna ísetningarinnar kemur fram að mótór íhlutarins fari ekki í gang nema bankað sé í hann. Framkvæmdar voru mælingar á vírum, öryggjum og reley sem tengjast bremsubúnaði án þess að nokkuð óeðlilegt hafi komið í ljós.

## VI

### **Frekari athugasemdir seljanda**

Í frekari athugasemdum seljanda tekur hann fram að ef bilun bifreiðar álitsbeiðanda væri vegna galla í varahlut hefði seljandi þegar skipt honum út fyrir nýjan varahlut sem virkar. Seljandi ítrekar að hann hafi ekki krafist greiðslu fyrir að skoða bifreið álitsbeiðanda og gera við hinn selda varahlut, einnig var varahlutur úr annarri bifreið sett í bifreið álitsbeiðanda og ABS kerfið virkaði ekki þrátt fyrir það. Seljandi kveðst því hafa komist að þeirri niðurstöðu að nýr varahlutur myndi ekki leysa bilun bifreiðarinnar. Samt sem áður var var álitsbeiðanda endurgreitt að fullu kaupverð varahlutarins. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi geti komið með varahlutinn á verkstæði sitt, ef álitsbeiðandi er viss um að vandmálið er vegna varahlutarins. Segir seljandi að hann muni þá skipta um varahlutinn á eigin kostnað.

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir festi álitsbeiðandi kaup á höfuðdælu fyrir ABS bremsukerfi af seljanda þann 15. janúar 2019 fyrir 102.000 krónur. Álitsbeiðandi fór í kjölfarið með bifreiðina á verkstæði þar sem bifvélavirki setti varahlutinn í bifreiðina. Álitsbeiðandi greiddi bifvélaverkstæðinu 98.082 krónur fyrir vinnuna. Í kjölfarið kom að sögn álitsbeiðanda í ljós að mótór höfuðdæluunnar virkaði ekki sem skyldi þar sem banka varð í hann til að hann færi í gang. Seljandi bauðst til þess að skoða bifreiðina og lagaði í framhaldinu mótór höfuðdæluunnar á eigin kostnað. Þá var álitsbeiðanda endurgreitt kaupverð höfuðdæluunnar eða 102.000 krónur. Seljandi féllst hins vegar ekki á að endurgreiða álitsbeiðanda kostnað vegna vinnu verkstæðisins við ísetningu íhlutarins að fjárhæð 98.082 krónur. Bendir seljandi á að hann hafi skoðað bifreiðina og lagað varahlutinn á eigin kostnað auk þess að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverðið. Þá hafi komið í ljós við nánari skoðun að hinn seldi varahlutur hafi ekki valdið bilun í ABS bremsukerfi bifreiðarinnar heldur annarra íhluta bifreiðarinnar.

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Þá segir í b-lið 2. mgr. ákvæðisins að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að höfuðdælan hafi verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Kærunefndin telur að ef höfuðdælan var biluð við afhendingu þann 25. janúar 2019 hafi hún verið haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Seljandi tók að sér að bæta úr biluninni á verkstæði sínu og verður að líta á þá viðleitni seljanda sem úrbætur í skilningi 29. og 30. gr. nkpl. Með hliðsjón af gögnum málsins telur kærunefndin að seljandi hafi komið mótór höfuðdælunnar í lag með viðgerðinni og hinn seldi íhlutur hafi eftir það virkað sem skyldi. Seljandi endurgreiddi álitsbeiðanda einnig kaupverð íhlutarins.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. nkpl. skulu úrbætur fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda. Seljandi hefur ekki fallist á að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan kostnað vegna ísetningar hins selda varahlutar á öðru bifvélaverkstæði.

Kærunefndin telur að líta verði til þess að álitsbeiðandi hefði einnig þurft að greiða kostnað vegna ísetningar varahlutarins ef varahluturinn hefði virkað sem skyldi. Seljandi tók síðar að sér viðgerð á varahlutnum án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda og endurgreiddi álitsbeiðanda kaupverðið. Þá hefur seljandi bent á að varahluturinn virki eðlilega eftir viðgerð og engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á annað. Seljandi hefur við meðferð málsins boðist til þess að skoða varahlutinn að nýju og skipta honum út á eigin kostnað ef hann reynist bilaður.

Kærunefndin álitur að framangreint feli í sér fullnægjandi úrbætur í skilningi 29. og 30. gr. nkpl. enda hafa ekki verið lögð fram gögn sem sýna fram á að úrbætur seljanda hafi verið ófullnægjandi. Nefndinni er því ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson